

**Nd.**

**482. Nefndarálit**

[20. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur á nokkrum fundum sínum rætt um frv. þetta og fram komnar breytingartillögur á þskj. 437 frá dómsmálaráðherra og á þskj. 303 frá Halldóri E. Sigurðssyni o. fl. Allir nefndarmenn lýstu yfir, að þeir væru samþykkir frumvarpinu eins og það er, en tveir nefndarmenn, Gísli Guðmundsson og Steingrímur Pálsson, voru annarrar skoðunar um afgreiðslu á breytingartillögum við frumvarpið, og munu þeir skila séráliti.

Við undirritaðir leggjum til, að frumvarpið og breytingartillagan á þskj. 437 verði samþykkt.

Breytingartillagan á þskj. 303 leggjum við til að verði samþykkt með svofelldri

**BREYTINGU:**

Efnismálgrein tillögunnar orðist svo:

Hreppsnefnd er heimilt, að fengnu samþykki yfirkjörstjórnar, að hafa kjörstað utan hreppsfélagsins.

Það kom til umræðu í nefndinni, að ástæða væri til, að fram fari heildarendurskoðun á kosningalögunum, því að ýmislegt hefur leitt í ljós, að þar þarf breytingar að gera, einkum í sambandi við utankjörfundarkosningar. Það eru því ákveðin til-mæli okkar, að ríkisstjórnin láti endurskoða þessi lög fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Alþingi, 30. marz 1968.

Matthías Bjarnason,  
form., frsm.

Bragi Sigurjónsson,  
fundaskr.

Jónas Pétursson.

Jón Kjartansson.

Pétur Sigurðsson.